

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 10. mars 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp matvælaráðherra til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 152. löggjafarþing 2021-2022, þingskjal 490, 350. Mál (<https://www.althingi.is/altext/152/s/0490.html>).**

Breiðarfjarðarnefnd ítrekar sína umsögn frá 17. september 2020 þegar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynntir til samráðs mál nr. 172/2020, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).“

Hér á eftir fylgir umsögnina frá 17. september 2020:

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 172/2020, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).“

Samkvæmt fyrirleggjandi drögum fellur út liður í 2. gr.:

- Nýting sjávargróðurs skal, auk ákvæða í þessum lögum vera í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013, og lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, eftir því sem við á.

Í drögnum falla einnig eftirfarandi liðir í 3. gr. út :

- Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu stunda rannsóknir og vöktun á sjávargróðri og vistgerðum, vistkerfum og lífríki sem tengist honum. Hafrannsóknastofnun skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um nýtingu sjávargróðurs, sbr. II. kafla A, og skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ráðgjöf sína.
- Ráðgjöf, rannsóknir og vöktun á nýtingu sjávargróðurs skal m.a. taka mið af 2. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir og lögum um vernd Breiðafjarðar.
- Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu gera vöktunaráætlun um nýtingu sjávargróðurs sem verður hluti af vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru í samræmi við 1. og 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd.
- Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að gera samninga við aðra aðila, svo sem stofnanir, náttúrustofur eða háskólasetur, um framkvæmd einstakra rannsókna eða vöktunar eftir því sem við á. Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu halda gagnagrunna um niðurstöður rannsókna og vöktunar og skulu niðurstöðurnar birtar reglulega og vera öllum aðgengilegar.



Samkvæmt drögunum fellur út liður í 15. gr. b.:

- Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari málsgrein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra aðila eftir atvikum, svo sem Breiðafjarðarnefndar við nýtingu sjávargróðurs í Breiðafirði.

Breiðafjarðarnefnd leggst gegn ofangreindum breytingum þar sem hún telur verulega slegið af rannsóknaskyldu áður en gefið er leyfi fyrir nýtingu sjávargróðurs.

Fh. Breiðafjarðarnefndar,

Erla Friðriksdóttir,  
formaður Breiðafjarðarnefndar